



Viðar grunnmálning

Vörunr. 2420

Lýsing

Viðar grunnmálning (2420) er alkýð/línolíu grunnmálning, ætluð til notkunar utanhúss, á við sem á að yfirmála með plastþeytu- eða alkýð/olíumálningum. Málningin smýgur vel inn í viðinn, bindur hann vel og tryggir góða viðloðun. Málningin er mjög vatnsfráhrindandi en jafnframt opin gagnvart vatnsgufu. Þannig hleypir hún raka úr viðnum og kemur í veg fyrir uppsöfnun raka. Viðar grunnmálning (2420) kemur í veg fyrir blæðingu viðarkvoðu, gróður- og sveppamyndun.

Notkun

Viðar grunnmálning (2420) er ætluð til grunnunar á gluggum, viðarklæðningum, þakköntum o.þ.h. utanhúss. Áður en kíttað er í gluggaföls skal grunna með Viðari grunnmálningu.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt auk litakerfís	Þynnir: Terpentína
Gljástig: Matt	Áhaldahreinsir: Terpentína
Pakkningar: 1 og 4 lítra	Þurrktími: 12 klst
Efnisnotkun: 6-10 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 24 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 59 % (rúmmál)	

Undirmálun

Þar sem vatn mæðir mikið á er nauðsynlegt að metta viðinn með Viðari grunnvörn (2415).

Yfirmálun

Hjörvi 15, Viðar hálfþekjandi (2425) eða Viðar þekjandi (2430).

Áhöld

Mjúkur pensill. Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Verksmiðjugrunnaður og nýr viður, litaður eða grunnfúavarinn viður: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Þar sem vatn mæðir mikið á viðarflötum, s.s. á endatré og samskeytum, er nauðsynlegt að metta viðinn vel með Viðari grunnvörn (2415) og grunna síðan með Viðari grunnmálningu (2420).

Endurmálun


Fjarlægið öll óhreinindi, s.s. sót og fitu, með Málningarhreinsi (6208) og volgu vatni. Skrapið og fjarlægið laust og sprungið yfirborð. Mattslípið gljáandi fleti með sandpappír. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Bletta skal með Viðari grunnmálningu (2420). Á viðarfleti þar sem vatnág er mikið, s.s. á endatré og samskeytum, er nauðsynlegt að metta beran viðinn vel með Viðari Grunnvörn (2415) og grunna síðan með Viðari grunnmálningu (2420).

Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Viðurinn skal vera vel þurr (18-20 %) áður en grunnað er með Viðari grunnmálningu.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.